



Borgarráð

***Malbikunarstöðin Höfði hf. ósk um undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga***

Lagt er til að borgarráð samþykki, með vísan til hjálagðrar umsagnar borgarlögmans, dags. 21. ágúst 2019, erindi frá Malbikunarstöðinni Höfða hf., dags. 4. júlí 2019, þar sem óskað er eftir því að Reykjavíkurborg sem eigandi Malbikunarstöðvarinnar óski eftir því við forsætisráðherra að hann veiti félaginu undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga nr. 140/2012, sbr. 3. mgr. 2. gr. laganna.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:  
Bréf frá Malbikunarstöðinni Höfða hf., dags. 4. júlí 2019  
Umsögn borgarlögmans, dags. 21. ágúst 2019

Malbikunarstöðin Höfði HF  
Sævarhöfða 6-10 / IS-112 Reykjavík / Sími/Tel: 587 5848 / Fax: 587 5576  
Kt. 581096-2919 / Vsk: 52200



Borgarstjóri  
Dagur B. Eggertsson  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
101 Reykjavík

Málsnr: 219070062  
Skjalasafn Ráðhúss  
05. júlí 2019  
Bréfalykill: 140

Reykjavík, 4. júlí 2019

Á stjórnarfundum Malbikunarstöðvar Höfða þann 24. júní 2019 samþykkti stjórn að leggja til við eiganda fyrirtækisins, Reykjavíkurborg, að hann óski eftir því að forsætisráðherra veiti félaginu undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga nr. 140/2012.

Fyrirtækið starfar eingöngu á samkeppnismarkaði þar sem mikil samkeppni ríkir. Samkeppnisaðili Höfða í framleiðslu og sölu malbiks er Hlaðbær-Colas sem er alfarið í eigu franska Colas. Móðurfyrirtæki Hlaðbæjar-Colas er eitt af stærstu verktakafyrirtækjum í Evrópu. Á sviði útlagnar og vetrarþjónustu er Malbikunarstöðin Höfði í samkeppni við nokkra öflugra innlenda verktaka sem veita fyrirtækinu harða samkeppni.

Þar sem fyrirtækið er meira en 51% í opinberri eigu (eignarhlutur Reykjavíkurborgar nemur 99%) fellur það undir umrætt gildissvið upplýsingalaga. Það er heildarmat stjórnar að það séu hagsmunir félagsins að sótt sé um áður nefnda undanþágu til forsætisráðuneytis til að félagið standi jafnfætis öðrum aðilum á sama markaði.

Virðingarfyllst,

Pawel Bartoszek,  
stjórnarformaður,

Halldór Torfason,  
framkvæmdastjóri.



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

**Sendandi:** Ráðhús Reykjavíkur - borgarlögmaður

---

### *Umsögn um erindi Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. um undanþágu frá upplýsingalögum*

Með tölvuskeyti skrifstofu borgarstjórnar, dags. 16. júlí 2019, var óskað umsagnar borgarlögmanns um erindi Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf., dags. 4. júlí 2019. Í erindinu kemur fram að stjórn Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. hafi á fundi sínum 24. júní 2019 samþykkt að leggja það til við eiganda sinn, Reykjavíkurborg, að óska eftir því við forsætisráðherra að hann veiti félaginu undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga nr. 140/2012.

Hér á eftir fylgir umbeðin umsögn borgarlögmanns.

### I.

Upplýsingalög nr. 140/2012 gilda um alla starfsemi stjórnvalda og alla starfsemi lögaðila sem eru að 51% hluta eða meira í eigu hins opinbera, sbr. 1. og 2. mgr. 2. gr. laganna og er það meginregla laganna. Lögin taka þó ekki til lögaðila, sem hafa sótt um eða fengið opinbera skráningu hlutabréfa samkvæmt lögum um kauphallir, og dótturfélaga þeirra.

Malbikunarstöðin Höfði ehf. er einkahlutafélag í eigu Reykjavíkurborgar (99%) og Aflvaka hf. (1%). Aflvaki hf. er hlutafélag í eigu Reykjavíkurborgar (54,5%), Orkuveitu Reykjavíkur (37,9%) og Faxaflóahafna sf. (7,6%) samkvæmt ársreikningi félagsins fyrir árið 2018. Fyrirtækið er þannig að öllu leyti í eigu hins opinbera og hefur ekki sótt um eða fengið opinbera skráningu hlutabréfa samkvæmt bestu vitund borgarlögmanns. Félagið fellur því að óbreyttu undir gildissvið upplýsingalaga nr. 140/2012.

Heimild til undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga, til handa lögaðilum, er að finna í 3. mgr. 2. gr. laganna. Samkvæmt ákvæðinu getur forsætisráðherra, að fenginni tillögu hlutadeigandi ráðherra eða sveitarstjórnar og umsögn Samkeppniseftirlitsins, ákveðið að lögaðili, sem á undir 2. mgr. 2. gr. laganna og er að nær öllu leyti í samkeppni á markaði, falli ekki undir gildissvið laganna. Ákvörðun forsætisráðherra um að lögaðili skuli njóta undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga tekur gildi við birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Þá skal forsætisráðuneytið halda opinbera skrá yfir þá lögaðila sem hafa fengið slíka undanþágu, en ákvörðun þar að lútandi skal endurskoðuð á þriggja ára fresti. Slíka undanþágu getur því

borgarstjórn gert tillögu um við ráðherra til handa Malbikunarstöðinni Höfða ehf.

Í athugasemdum við ákvæði 2. gr. í frumvarpi því sem varð að upplýsingalögum nr. 140/2012 kemur meðal annars eftirfarandi fram um skilyrði beitingar undanþágunnar:

„Skilyrði þess að undanþágunni verði beitt eru því í grundvallaratriðum þau að starfsemi viðkomandi aðila geti ekki talist til hefðbundinnar opinna starfsemi, svo sem þjónustustarfsemi sem fram fer á grundvelli laga, og að starfsemi hans sé að nær öllu leyti í samkeppni við einkaaðila. Dæmi um slíkt fyrirtæki er t.d. Malbikunarstöðin Höfði hf. sem er að stærstum hluta í eigu Reykjavíkurborgar.

[...]

Ákvörðun um það hvort tiltekið fyrirtæki getur fallið undir undanþágureglu 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins verður að byggja á sérstöku mati á starfsemi viðkomandi fyrirtækis og markaðsaðstæðum á því sviði sem það starfar á.“

Aukinheldur er í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins mælt fyrir um að heimildinni skuli beita af varfærni og meðal annars vísað til þess að samkvæmt 4. tölulið 10. gr. laganna sé heimilt að takmarka rétt almennings til aðgangs að gögnum vegna samkeppnishagsmuna opinberra fyrirtækja og stofnana. Sú undanþáguheimild ætti oftast að nægja til að tryggja samkeppnislega hagsmuni fyrirtækja og stofnana sem eru í eigu opinberra aðila. Með 3. mgr. 2. gr. laganna sé á hinn bóginn leitast við að einfalda afmörkun á gildissviði upplýsingalaga gagnvart þeim fyrirtækjum sem einvörðungu, eða að langstærstum hluta, sinna starfsemi sem er á samkeppnismarkaði.

## II.

Malbikunarstöðin Höfði ehf. rekur grjótmulningsstöð og tvær malbikunarstöðvar, leggur út malbik og annast hálkueyðingu og snjómokstur. Starfsemi fyrirtækisins er því nær að öllu leyti í samkeppni við einkaaðila. Malbikunarstöðin Höfði ehf. er því í samkeppnisrekstri á markaði og fellur starfsemi þess ekki undir hefðbundna opinbera starfsemi. Þá hefur Malbikunarstöðinni Höfða ehf. ekki verið falið með lögum heimild til að taka stjórnvaldsákvæðanir eða skyldu til þess að sinna opinberri þjónustu. Þannig telst Malbikunarstöðin Höfða hf. einkaréttarlegur lögaðili í eigu opinberra aðila.

Með hliðsjón af framangreindu þykir einsýnt að Malbikunarstöðin Höfði ehf. uppfyllir skilyrði upplýsingalaga til þess að njóta undanþágu frá gildissviði þeirra samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laganna.

Því er lagt til að Reykjavíkurborg fallist á fyrirnefnt erindi Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. og borgarstjórn geri tillögu við forsætisráðherra þess efnis að hann veiti félaginu undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga nr. 140/2012, sbr. 3. mgr. 2. gr. laganna.

F.h. borgarlögmans,

Theodór Kjartansson, lögmaður

